



Landssamband hestamannafélaga

59. Landsþing LH - þingskjöl

17. – 18. október 2014 – Hótel Selfossi



Þingskjal nr. 1

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, samþykkir að fela stjórn LH að skipa nefnd sem í samstarfi við stjórn LH fari með útbreiðslu og kynningu á Gæðingakeppni LH innan FEIF.

Í nefndinni verði þrír fulltrúar frá LH, einn frá Gæðingadómarafélagi LH og einn frá Félagi tamningamanna.

Greinargerð

Á síðustu árum hefur mikið starf verið unnið innan Gæðingadómarafélags LH og annara við að útbreiða gæðingakeppnina erlendis sem hefur skilað auknum áhuga á henni.

Mikilvægt er að þetta starf sé vel skipulagt og unnið í góðu samstarfi milli LH, FEIF og aðildarlanda þess til að sátt ríki um verkefnið og hámarksárangur náist við kynningu og útbreiðslu gæðingakeppninnar.



Þingskjal nr. 2

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, samþykkir eftirfarandi breytingu á grein 1.2.2 Landsþing, í lögum Landssambands hestamannafélaga.

Í grein 1.2.2 verður sú breyting að í annari málsgrein þar sem stendur „*Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir félagatölu hvers hestamannafélags sem hér segir:*“ breytist og hljóðar svo „*Fulltrúafjöldi fer eftir félagatölu hvers hestamannafélags sem hér segir:*“.

Að öðru leyti er greinin óbreytt.

Greinargerð

Á síðasta Íþróttþingi ÍSÍ var gerð breyting á lögum ÍSÍ til að einfalda sambandsaðilum sérsambanda tilkynningu um fulltrúa sem rétt eiga á setu á þingum sérsambandanna, þannig að nú er heimilt að senda kjörbréf beint til viðkomandi sérsambands án þess að fara í gegnum héraðsambönd/íþróttabandalög.



Þingskjal nr. 3

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, samþykkir að gera eftir farandi breytingu á lögum 1.2.3 Atkvæðisréttur á landsþingi.

Í sjöttu málsgrein breytist textinn sem fjallar um „Formenn héraðsambanda/íþróttabandalaga“ og hljóði svo eftir breytingu“ Fulltrúi héraðsambanda/íþróttabandalaga“

Greinargerð

Ekki er talið heppilegt að binda þetta við formann heldur ættu héruðin sjálf að ráða því hver fulltrúinn er.



Þingskjal nr. 4

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, samþykkir að banna notkun á mélum með tunguboga og vogarafli í keppni.

Mél teljast vera með tunguboga þegar hæðarmunur frá neðri kanti á endastykki upp í neðri kant á efsta hluta (miðhluta) málanna er meiri en 0,5 sm. Öll mál með stöngum og/eða keðju teljast mál með vogarafli.

Greinargerð

Á 15. fundi stjórnar Landssambands hestamannafélaga 26. maí 2014 var ákveðið að fara að áskorun yfirdýralæknis um að banna notkun á mélum með tunguboga og vogarafli í keppni. Ákvörðunin er byggð á rannsóknum Sigríðar Björnsdóttur og meðhöfunda sem byggja á heilbrigðisskoðunum keppnishrossa frá árunum 2011 og 2012 sem sýna að slík mál eru afgerandi áhættuþáttur fyrir áverka á kjálkabeini í keppnishestum. Rannsóknir frá LM 2014 staðfesta fyrri niðurstöður.



Þingskjal nr. 5

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: _____

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, skorar á fjármálaráðherra að endurskoða skattaumhverfi hestamennskunnar með það að markmiði að einfalda, léttu eða afnema skatta af íþróttafélögum.

Greinargerð

Óhemjumikið sjálfboðastarf fer fram hestamannafélögum um land allt. Það verður stöðugt erfiðara fyrir félög og einstaklinga að reka sig og standa undir upplbyggingu sem fylgir öflugri íþrótt- og æskulýðsstarfi félaganna. Því er brýnt að skoða skattalegt umhverfi þessara félaga og þess starfs sem þar fer fram.



Þingskjal nr. 6

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, leggur til að Járningamannafélag Íslands fái aukaaðild að LH.

Greinargerð

Járningamannafélag Íslands er faglegur umsagnaraðili LH hvað varðar heilbrigði hófa og framkvæmd fótaskoðana í keppnum. Stjórn LH telur því eðlilegt að JÍ fái aðild að LH og þar með talinn rétt á þingsetu á landsþingum, hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

Í Lögum og reglugerðum LH, grein 1.2.3 Atkvæðisréttur á landsþingi, segir í síðustu málsgrein:

Auk kjörinna fulltrúa eiga rétt á þingsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt:

Stjórn LH, varastjórn, framkvæmdastjóri, endurskoðandi og skoðunarmenn.

Forseti og framkvæmdastjórn ÍSí.

Formenn héraðssambanda/íþróttabandalaga.

Formenn nefnda LH.

Auk þess getur stjórn LH boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.

Neðst við þessa málsgrein myndi bætast við á eftir *formenn nefnda LH: Járningamannafélag Íslands.*



Þingskjal nr. 7

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, leggur til að stjórn LH fái Járningamannafélag Íslands til að vinna að gerð samræmdra starfsreglna fyrir fótaskoðunarmenn og jafnframt að mennta fótaskoðunarmenn á mótum innan LH.

Greinargerð

Nauðsynlegt er að koma á samræmdum starfsreglum fyrir fótaskoðunarmenn til þess að allir hestar verði metnir út frá sömu forsendum á öllum mótum innan LH.

Samhliða þessum starfsreglum yrðu fótaskoðunarmenn menntaðir til starfa á þessum mótum og munu þá starfa undir stjórn yfirdómara samhliða dómurum mótsins. Jí myndi skilgreina hæfniskröfur sem gera skal til fótaskoðunarmanna, skipuleggja og standa fyrir námskeiðum fyrir verðandi fótaskoðunarmenn.

Tekið skal fram að þetta þarf ekki að auka kostnað á mótum, hestamannafélög geta sent menn á þessi námskeið og haft þá á sínum snærum og fengið þá til vinnu á mótum á félagslegum grunni eins og tíðkast hefur hingað til.



Þingskjal nr. 8

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: _____

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, hvetur hestamannafélögin að standa vörð um reiðvegi þegar fjallað er um skipulagsmál sveitarfélaga.

Greinargerð

Hestamenn verða að standa vörð um rétt sinn til að ferðast um landið með því að tryggja að tillit sé tekið til þeirra þegar fjallað er um skipulagsmál viðkomandi svæða.



Þingskjal nr. 9

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, leggur til að keppnisdagar á Íslandsmóti fullorðinna verði þannig: á Landsmótsári endi mótið á þriðju helgi júlímánaðar en á heimsmeistaramótsári endi mótið á fyrstu helgi júlímánaðar. Keppnisdagar á Íslandsmóti yngri flokka verði frjálsir.

Greinargerð

Telur stjórn LH að þetta auki vægi Íslandsmótanna og einfaldi skipulagningu þeirra fyrir mótshaldara/hestamannafélögin. Þá mun þetta auðvelda allan undirbúning landsliðsins fyrir Norðurlanda- og Heimsmeistaramót.

ATHS: við þessa tillögu hefur komið ein athugasemd og snýr hún að dagsetningu mótsins á heimsmeistaramótsári, þar sem hún stangast á við dagsetningu fjórðungsmóta. Einnig var gerð athugasemd við það að ekki skuli vera föst dagsetning á Íslandsmóti yngri flokka.



Þingskjal nr. 10

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, samþykkir eftirfarandi tillögu til breytingar á grein 1.2.2 í *Lögum og reglum LH*:

Lagt er til að frestur til að skila inn tillögum fyrir Landsþing LH verði færður niður úr 8 vikum í 4 vikur.

Grein 1.2.2, 5. Málsgrein í *Lögum og reglum LH* breytist úr: „Málefni sem sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn LH minnst 8 vikum fyrir þingið“

í: „Málefni sem sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn LH minnst 4 vikum fyrir þingið“.

Greinargerð

Þessi lagabreyting er hugsuð sem hagræðing fyrir félagsmenn hestamannafélaganna. Oft á tíðum er félagsstarfið ekki komið í fullan gang eftir sumarið þegar tími er kominn til að skila inn tillögum vegna landsþings LH. Teljast 4 vikur vera nægjanlegur tími til fyrir skrifstofu að vinna úr gögnum, sem og fulltrúum að kynna sér þær tillögur sem liggja fyrir þinginu.

Aðrar málsgreinar lagagreinarinnar haldast óbreyttar.



Þingskjal nr. 11

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: _____

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, skorar á Fagráð í hrossarækt að skipa nefnd með fulltrúum frá LH og öðrum hagsmunaaðilum í hestamennsku, til að skoða hvort ekki sé rétt að leyfa eingöngu einfaldasta beislabúnað við sýningar kynbótahrossa.

Greinargerð

Það hlýtur að vera nauðsynlegt að hafa beislabúnað þann sem settur er upp í kynbótahross á sýningum eins einfaldan og hægt er, til samræmis við þann fótabúnað sem leyfður er á sýningum. Þannig ættu dómarar og áhorfendur auðveldara með að átta sig á geðslagi, vilja og gangupplagi hrossanna.



Þingskjal nr. 12

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: _____

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, skorar á ríkisstjórn Íslands að sjá til þes að fjárframlög til reiðvegagerðar á Íslandi verði aukin.

Greinargerð

Á undanförnum árum hefur hestatengd ferðaþjónusta aukist stórlega og þar með álag á reiðvegakerfi Vegagerðarinnar og hestamannafélaganna í landinu. Á sama tíma og tekjur ríkisins hafa stóreflst, hafa fjárframlög til reiðvegagerðar dregist saman. Þetta aukna álag á reiðvegakerfið, hefur valdið skemmdum á reiðvegum um vinsæla ferðamannastaði sem aftur hafa kallað á umræðu um lokun vegna þessa aukna álags á viðkomandi svæði.

Skorar því 59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga á ríkisstjórnina að taka höndum saman með hestamönnum og standa vörð um að hægt verði um ókomna tíð að njóta íslenskrar náttúru á hestbaki.



Þingskjal nr. 13

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: _____

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, skorar á atvinnu- og nýsköpunarráðherra að beita sér fyrir breytingu á reglugerð við val fulltrúa í Fagráð í hrossarækt með þeim hætti að í Fagráð í hrossarækt geti LH tilnefnt fulltrúa til jafnræðis við aðra án þess að þeir séu lögbýlingar eða þurfi samþykki annara hagsmunaaðila.

Greinargerð

Frá stofnun LH hefur það verið einn megintilgangur LH að standa vörð um ræktun íslenska hestsins eins og fram kemur í lögum LH nr.1.1.2 Tilgangur og markmið.

Allt frá því að LH var stofnað hefur verið órofa samstarf LH og BÍ um ræktun íslenska hestsins og mótahald því starfi til framdráttar sem hefur verið að mestu farsælt og góður árangur náðst á mörgum sviðum.

Með stofnun fagráða í kynbótastarf viðkomandi búfjarkynja átti að færa valdið nær þeim sem þessa ræktun stunda. Í ræktun íslenska hestsins mistókst þetta að hluta þar sem reglugerðin hindrar aðra en lögbýlinga (starfandi bændur) í að sitja í Fagráði í hrossarækt þrátt fyrir að meirihluti þeirra sem stunda ræktun á íslenska hestinum séu þéttbýlisbúar án lögbýlisréttar, og því ekki gjaldgengir í Fagráð í hrossarækt. Tilgangur þessara reglugerðar átti ekki að hindra þá, sem samkvæmt lögum mega halda hesta og rækta í þéttbýli, að koma að Fagráði í hrossarækt. Hvetur því 59. Landsþing ráðherra til að laga þessa reglugerð þannig að tilgangur Fagráðs í hrossarækt sé sá sem til var stofnað en ekki öfugt.



Þingskjal nr. 14

Flytjandi: Ferða- og samgöngunefnd LH

Lagt fyrir: _____

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, skorar á ríkisstjórn Íslands að fylgja eftir tillögum nefnda samgönguráðuneytis er fjallað hafa um reiðvegi og gert tillögur að úrbótum í reiðvegamálum og fjármögnun þeirra.

Greinargerð

59. Landsþing Landssamband hestamannafélaga hvetur ríkisstjórn Íslands til að beita sér fyrir því að reiðvegafé í samgönguáætlun 2011 – 2022 verði aukið verulega.

Áætlanir gera ráð fyrir að á 2. tímabili samgönguáætlunar þ.e. árin 2015 – 2018 verði reiðvegafé að meðaltali 59. m.kr. á ári og á 3. tímabili samgönguáætlunar þ.e. árin 2019 - 2022 verði reiðvegafé að meðaltali 65. m.kr. á ári.

Þessar fjárhæðir duga engan veginn til viðhalds reiðvega né heldur til nýbygginga eða áframhaldandi reiðvegaskráningar.

Frá árinu 1991 til árs 2001 hefur samgönguráðherra skipað fjórar nefndir sem fjallað hafa um reiðvegi og stöðu reiðvega. Auk starfshópa um stefnumörkun í ferðaþjónustu þar sem að finna má m.a. ítarlega stefnumótun er varðar hestaferðir.

Í niðurstöðum allra þessra nefnda kemur fram að verulegs átaks sé þörf í í flokkun og uppbyggingu reiðvega, og jafnvel tímabundins þjóðarátnaks í reiðvegagerð.

Sumt af því sem ofangreindar nefndir leggja til í nefndarálitum sínum hefur verið unnið af LH eða er í framkvæmd. Eitt af því er skráning og flokkun reiðleiða. Í dag eru reiðleiðir skráðar af Landssambandi hestamannafélaga inn í kortasjá í samvinnu við Loftmyndir ehf og Vegagerðina.

Fjármagn hefur ekki fylgt í samræmi við tillögur nefndanna heldur jafnt og þétt rýrnað á undanförunum árum. Árið 2003 var reiðvegafé af vegaáætlun 39. m.kr. Reiðvegafé af vegaáætlun 2014 er 60. m.kr. en hefði það fylgt þróun byggingarvísitölu á tímabilinu þá væri reiðvegafé af vegaáætlun 101,5. m.kr.

Umsóknir hestamannafélaga um reiðvegafé 2014 nam um 308. m.kr. mest til viðhalds eldri reiðvega.

Ljóst er að hestamennska og hestatengd ferðaþjónusta er að skila þjóðarþínu verulegum tekjum á ársgrundvelli og því verður að hlúa betur að grunnstöðum hestaferðamennsku en gert er.



Þingskjal nr. 15

Flytjandi: Ferða- og samgöngunefnd LH

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, hvetur hestamannafélög til að hafa reiðvegaskilti sem reiðveganefnd SV svæðis og hestamannafélagið Sprettur hafa hannað og sett hafa verið upp á félagssvæði Sprettis að fyrirmynd við reiðvegamerkingar hjá sér.

Greinargerð

Æskilegt er að útlit reiðvegaskilta (vegvísa) sé samræmt um land allt. Vegvísarnir sem settir hafa verið upp hjá hestamannafélaginu Spretti eru fallega útlítandi og í umhverfisvænum litum. Þeir sýna stefnu og lengd í næsta vegprest og enda reiðveg.





Þingskjal nr. 16

Flytjandi: Stjórn GDLH

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, samþykkir tillögu að nýrri keppnisgrein í gæðingakeppni sem hefur vinnuheitið *C-flokkur gæðinga*, sem er hugsaður sem léttari keppnisflokkur fyrir minna vana fullorðna knapa.

Greinargerð

Keppnisfyrirkomulagið er auðvelt og hentar vel þeim sem eru komnir styttri veg í keppni. Umræða sem og prufukeyrsla hefur farið fram hér heima og erlendis og hefur mælst vel fyrir. Er það mat GDLH að slíkt skref væri framfaraskref fyrir gæðingakeppnina sem og markaðsetningu íslenska hestsins. Tillagan sjálf og þær viðbætur sem þurfa að eiga sér stað á lögum og reglum LH eru útlistaðar í þessari samantekt, ásamt því að rakin er ástæða fyrir tillögunni, tilgangur og markmið.

Keppnisfyrirkomulag C-flokks byggir í grunninn á keppnisfyrirkomulagi barnaflokks. Forkeppni fer fram með sambærilegu sniði og forkeppni í barnaflokk. Úrslit fara einnig fram með sambærilegu sniði en lagt er til að fet sé einnig sýnt í úrslitum í C-flokk.

Einkunnagjöf er áþekk því sem þekkist í barnaflokki, en ekki er þó gefin einkunn fyrir ásetu og stjórnun, þess í stað er gefnar einkunnir fyrir vilja og fegurð í reið og eru þær einkunnir með einfalt vægi.

Einkunnaskalinn fyrir öll sýningaratriðin er þegar til staðar, og krefst því nýja keppnisgreinin ekki uppfærslu á leiðara gæðingadómara eða uppfærslu á þeim lögum og reglum sem þegar eru til staðar. Hinsvegar þarf að bæta við tveimur köflum í lög og reglur LH:

Viðbót í kafla 7,5 - Reglugerð LH fyrir einkunnaútreikning í gæðingakeppni

7.5.2.3 C - flokkur gæðinga

Hringvöllur : Riðnir skulu tveir hringir og sýnt fet , tölt og/eða brokk, og stökk.

Bein braut : Riðnar skulu 4 ferðir.

Sýni keppandi bæði brokk og tölt er einkunn fyrir betri gangtegundina notuð.

Einkunnir skulugefnar eftir þeirri reglu að talan 5 er grunntala þ.e. lægsta tala í einkunnargjöf og jafngildir því núlli.

Einkunnir skal reikna samkvæmt eftirfarandi kvarða:



C- flokkur

Atriði	Einkunn	Vægi
1. Fetgangur	5 - 10	1
2. Brokk og/ eða tölt	5 - 10	1
3. Stökk	5 - 10	1
4. Vilji	5 - 10	1
5. Fegurð í reið	5 - 10	1

Deilitala dómara til að fá aðaleinkunn keppanda er 5. Séu allar einkunnir lesnar upp er deilt í dómpalli með 15 séu 3 dómara að dæma, en 25 séu fimm dómara að dæma.

Viðbót í kafla 7,6 Um úrslitakeppni gæðingakeppninnar.

7.6.2.4 Úrslit C - flokkur

Sýna skal fet allt að einum hring upp á hvora hönd.

Tölt og/eða brokk skal sýna minnst tvo hringi til hvorrar handar. Sýni keppandi bæði brokk og tölt er einkunn fyrir betri gangtegundina notuð.

Stökk skal sýna tvo spretti, einn í einu, með hraðamun og mjúkri niðurhægingu.

Stökk Keppendur safnist saman á skammhlið / eða enda brautar ef notuð er bein braut og komi sér saman um, í samráði við stjórnanda, í hvora áttina skal ríða.

Eftir hverja gangtegund er gefin einkunn og í lokin fyrir vilja og fegurð í reið.



Þingskjal nr. 17

Flytjandi: Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, samþykkir að inn í reglur um 100 m skeið verði bætt að áður en keppnin hefst taki þulur það fram að tímar séu lesnir upp jafnóðum en séu ekki staðfestir fyrr en eftir að þeir hafa verið yfirfarnir í lok keppni.

Lagagrein: 8.7.21.10, ný grein, Fyrirvari

Áður en keppni í 100 m skeið hefst skal þulur lesa eftirfarandi tilkynningu til knapa upp: Tímar eru lesnir upp af rafrænu tímatökunni jafnóðum og birtir. Þeir eru þó ekki staðfestir fyrr en keppni er lokið og starfsfólk tímatöku hefur yfirfarið og staðfest að allir tímar séu réttir.

Greinargerð

Á Landsmóti varð sá leiði atburður að tími knapa var birtur en seinna í keppninni leiðréttur og reyndist lakari en í upphafi var birt. Krafa um hraða í greininni er mikil og því nauðsynlegt að lesa tíma strax, annars verður greinin ekki spennandi áhorfs. Eftir viðtal við Jóhann Valdimarsson um ástæður þessa er ljóst að tímatakan þarfnast yfirferðar eftir á þar sem ýmislegt annað en hestur getur rofið geislann svo sem sól, speglun af myndavélum og fleira. Hægt er að greina þessi rof í tölvubúnaði sem Jóhann notar. Þetta þekkist í öðrum íþróttagreinum að tímar eru birtir um leið og grein lýkur en ekki staðfestir fyrr en að yfirferð lokinni. Því er sjálfsagt að setja svona varnagla í 100 m skeiðinu. Búnaður sem notaður er í skeiðkappreiðum úr kyrrstöðu er annars eðlis og því ekki á þörf á þessu þar.



Þingskjal nr. 18

Flytjandi: Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, leggur til hert viðurlög við því að afskrá ekki eða afskrá of seint úr A-úrslitum, eftir að B-úrslit hafa farið fram. Í dag eru viðurlögin þau að árangur í viðkomandi grein strikist út.

Lagagrein 8.4.8. Dregið til baka úr keppni

Önnur málsgrein

Hljómar nú: Á mótum þar sem ekki keppa lið er gengið út frá því að knapi og hestur séu heilbrigðir og tilbúnir til þátttöku nema annað sé tilkynnt sérstaklega, að minnst kosti einni klukkustund áður en fyrst úrslit í viðkomandi grein hefjast. Eftir þau tímamörk er einungis unnt að draga sig til baka úr úrslitum liggi fyrir staðfesting dýralæknis eða læknis á veikindum eða holti hests eða knapa þegar við á, að öðrum kosti er parið dæmt úr leik í viðkomandi grein.

Verður: Á mótum þar sem ekki keppa lið er gengið út frá því að knapi og hestur séu heilbrigðir og tilbúnir til þátttöku nema annað sé tilkynnt sérstaklega, að minnst kosti einni klukkustund áður en fyrst úrslit í viðkomandi grein hefjast. Eftir þau tímamörk er einungis unnt að draga sig til baka úr úrslitum liggi fyrir staðfesting dýralæknis eða læknis á veikindum eða holti hests eða knapa þegar við á. Að öðrum kosti strikast allur árangur knapans út á mótinu og knapinn er dæmdur í tveggja vikna keppnisbann.

Greinargerð

Það að tilkynna að knapi hyggist ekki mæta í A-úrslit eða bara mæti ekki, eftir að B-úrslit hafa farið fram, er mjög óíþróttamannsleg framkoma gagnvart þeim sem eru í sjötta sæti sem og þeim í ellefta sæti þar sem af þeim er tekið tækifæri til að ríða A eða B úrslit. Viðurlögin, að árangur í viðkomandi grein strikist út, er í raun allt of vægur. Svo keppnisnefnd leggur til að þau verði hert.

Sportnefnd FEIF er að íhuga álíka breytingu og keppnisnefnd hyggst fylgja þessari tillögu eftir á þeim vettvangi líka.



Þingskjal nr. 19

Flytjandi: Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, leggur til að í úrslitum í T1, þegar öll atriði eru sýnd upp á báðar hendur, verði sett í reglur að þegar skipt er um hönd í hraðabreytingum skuli gera einnar mínútu hlé og þegar skipt er um hönd á yfirferði sé gert tveggja mínútna hlé. Þulur tilkynni knöpum greinilega um þessi hlé og knapar láti hesta sína feta og slappa af.

Lagagrein: 8.7.1.3 Úrslit

Í úrslitum T1 skal gefa einnar mínútu hlé þegar skipt er um hönd í hraðabreytingum og tveggja mínútu hlé þegar skipt er um hönd á yfirferð.

Greinargerð

Töltúrslit T1 eru ein erfiðasta keppnisgrein sem riðin er. Því miður höfum við stundum séð uppgefin hross. Undanfarin ár hefur þetta verið gert hér á landi en er ekki í reglum. Því þykir keppnisnefnd full ástæða til að festa þetta í reglur svo tryggt sé að þetta eigi alltaf við og að allir hestar ljúki keppninni heilir og ekki útkeyrðir.

Keppnisnefnd hyggst einnig bera þessa tillögu upp í Sportnefnd FEIF til samþykktar.



Þingskjal nr. 20

Flytjandi: Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, leggur til að á úrtökum fyrir Landsmót og önnur stórmót megi knapar í yngri flokkum ákveða hvaða hest þau fari með á mótið þegar skráningarfresti fyrir mót lýkur. Þau geti því farið með þann hest sem þau vilja í úrslit úrtökumóts.

Lagagrein 7.7.2.Önnur málsgrein:

Hljómar nú: Hver keppandi má skrá til leiks fleiri en einn hest. Komi barn, unglingur eða ungmenni fleiri en einum hesti í úrslit verður hann að velja hvaða hesti hann ríður í úrslitum. Sé mótið jafnframt úrtaka fyrir Landsmót, Fjórðungsmót eða annað stórmót gildir sú ákvörðun einnig um það hvaða hest hann mæti með á það mót enda mega keppendur yngri flokka á stórmótum einungis keppa á einum hesti hver. Keppandi í yngri flokki á Landsmóti getur ekki jafnframt verið varaknapi með annan hest í sínum flokki heldur þarf að velja, eins og að ofan greinir, hvaða hest hann hyggst fara með í úrslit og þá jafnframt á Lands, Fjórðungs eða stórmót.

Verður: Hver keppandi má skrá til leiks fleiri en einn hest. Komi barn, unglingur eða ungmenni fleiri en einum hesti í úrslit verður hann að velja hvaða hesti hann ríður í úrslitum. Hann skal svo tilkynna sínu félagi hvaða hest hann hyggst fara með á Landsmót áður en skráningarfresti á viðkomandi Lands-, Fjórðungs- eða stórmót lýkur, óháð því hvaða hesti hann ríður í úrslitum.

Keppandi í yngri flokki á Landsmóti getur ekki jafnframt verið varaknapi með annan hest í sínum flokki.

Greinargerð

Keppnisnefnd sér ekki ástæðu til að hamla því að knapar í yngri flokkum mæti með einn hest í úrslit úrtökumóts en annan á stórmótið sjálf, enda úrslitakeppnin í raun önnur og ný keppni þar sem forkeppnin gildir til úrtöku.



Þingskjal nr. 21

Flytjandi: Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, samþykkir að sömu hestar keppi ekki bæði í 150m og 250m skeiði á sama móti.

8.5.2 Takmarkanir

Pískar eru ekki leyfðir í 150m og 250m skeiði, en eru leyfðir í 100 m skeiði og gæðingakeiði.

Viðbót: Sami hestur getur ekki tekið þátt í 150m og 250m skeiði á sama móti.

Greinargerð

Keppnisgreinarnar 150m og 250m skeið eru á sama tíma á flestum mótum sem haldin eru. Ef vel gengur og ekki margir keppendur skráðir til leiks getur verið mjög stutt á milli spretta. Skeiðbrautir til dæmis í rigningu geta verið þungar yfirferðar. Til viðbótar við þessar greinar keppa sömu hestar oft en ekki í 100m skeiði og gæðingaskeiði. Þessar fjórar keppnisgreinar geta allar verið haldnar sama daginn. Því þykir keppnisnefnd full ástæða til að festa þetta í reglur svo tryggt sé að þetta eigi alltaf við og að allir hestar ljúki keppninni heilir og ekki útkeyrðir.



Þingskjal nr. 22

Flytjandi: Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, Keppnisnefnd leggur til að til viðbótar þeim hestum sem vinna sér þátttökurétt á Landsmóti í gegnum félögin, fái efstu 6 hestar af stöðulistum sem ekki komust inn hjá sínum félögum, þátttökurétt á Landsmóti.

Lagagrein 6.5.

Viðbót:

Til viðbótar þeim hestum sem vinna sér þátttökurétt á Landsmóti í A og B flokki í gegnum hestamannafélögin, fái efstu 6 hestar á stöðulistum sem ekki komust inn í gegnum sín félög þátttökurétt.

Greinargerð

Undanfarin ár hefur það hent að í nokkrum félögum hafa setið eftir hestar með mjög háar einkunnir þar sem styrkleiki í þeim félögum mikill. Tillaga í þessum dúr var flutt á síðasta þingi og fékk mikinn hljómgrunn en var ekki löglega borin fram og því keppnisnefnd falið að bera hana upp á næsta þingi.

Talan 6 er valin vegna þess að það eru 2 holl í hvorum flokki sem þýðir 12 mínútur í hvorum flokki, A og B flokki gæðinga, sem ekki hefur nein markverð áhrif á dagskrá Landsmóts.



Þingskjal nr. 23

Flytjandi: Sörli

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, samþykkir að eingöngu sé hægt að keppa í einum styrkleikaflokki á hverju móti, þ.e. ef knapi skráir í meistaraflokk þá getur hann ekki keppt í fyrsta flokki á sama móti eða keppandi í 2. flokki getur ekki líka keppt í 1. flokki á sama móti.

Greinargerð

Flokkaskiptingin eins og hún er í dag er ekki að virka, það er alltof mikið af sömu knöpum í báðum efri flokkunum og hindrar það flæði upp úr 2. flokki. Að auki er íþróttakeppnin reiðmennskukeppni og mjög erfitt að sjá rök fyrir því að sömu knaparnir þurfi að fara í tvo styrkleikaflokka. Þetta myndi væntanlega fækka aðeins skráningum á mótin sem eru að yfirkeyst tímalega séð, meðal annars út af því að mjög margir knapar keppa í tveimur flokkum.



Þingskjal nr. 24

Flytjandi: Fákur

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 17. til 18. október 2014, mælist til að Landssamband hestamannafélaga, Félag hrossabænda, Félag tamningamanna og önnur fagfélög innan hestamennskunnar, finni flöt á því að sameinast um rekstur skrifstofu og fundinn verði einn talsmaður fyrir íslenska hestinn og hestamenn. Einnig leggjum við til að skipað verði nefnd af öllum hagsmunaaðilum sem skili álit fyrir 1. apríl 2015 um þessi mál og hvernig við getum unnið betur saman, bæði innan greinarinnar og út á við.

Greinargerð

Við hestamenn verðum að vera samtaka og róa allir í sömu átt, því annars förum við bara í hringi og miðar ekkert áfram. Það er einkar mikilvægt fyrir hestamenskuna að marka skýra stefnu til framtíðar og henni sé fylgt eftir af einum talsmanni hreyfingarinnar. Þessi talsmaður tali fyrir heildina og sendi skýr skilaboð til stjórnvalda og allra um gildi hestamenskunar í landinu og þau markmið sem við viljum ná fram. Það er aldrei mikilvægara en nú að sækja fram á við því það kreppir alls staðar að í hestamenskunni og sameinaðir með góðan talsmann getum við áorkað miklu hestamenskunni til heilla.



Þingskjal nr. 25

Flytjandi: Fákur

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 17. til 18. október 2014, samþykkir að öll staðfest Íslandsmet í hlaupagreinum hestamennskunnar standi sem gildandi met þar til nýr og betri árangur næst samkvæmt gildandi reglum.

Greinargerð

Fyrir liggur í reglum FEIF að með nýjum tímamælingum taki við ný skráning staðfesta meta, jafnvel þó sá árangur sé lakari en gildandi staðfestir tímar.

Til hliðsjónar má benda á að met Glettu og Sigurðar Ólafssonar í 250 m skeiði stóð óhaggað í 28 ár en á þeim tíma urðu örar breytingar hvað varðar tímatöku og aðstöðu alla. Ekki hvarflaði þó að nokkrum manni að víkja þeim glæsiárangri til hliðar eða véfengja hann á nokkurn hátt, hann var þvert á móti markmið sem menn settu sér að ná.

Til samanburðar gildir sú regla varðandi skráningu meta í öðrum íþróttagreinum, s.s. í spretthlaupi, sundi o.sv.frv. að gildandi met standi þar til betur er gert hvað sem varðar allar breytingar í tímatökuaðferðum, útbúnaði öllum og hvers konar aðstæðum.



Þingskjal nr. 26

Flytjandi: Fákur

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 17. til 18. október 2014, samþykkir þær breytingar hvað varðar flokkaskiptingu keppnisknapa í meistara- og opnum flokki, að á hverju móti getur knapi aðeins keppt í öðrum floknum, þ.e. annað hvort í meistaraflokki eða í opnum flokki (1. flokki). Eina undantekningin væri sú að ekki er boðið upp á einhverja keppnisgrein í þeim flokki sem knapinn er skráður í.

Greinargerð

Fyrir liggur að sumir af okkar sterkustu knöpum hafa leikið þann leik að skrá sig í báða flokkana; meistara- og opinn flokk, í sömu greinum á einu og sama mótinu. Þetta hefur orsakað það að knapar úr lægri flokkum treysta sér síður upp í fyrsta flokk þar sem hópur sömu knapa og keppa í meistaraflokki eru allsráðnadi og þar af leiðandi eru úrslit beggja flokkanna of einsleit.



Þingskjal nr. 27

Flytjandi: Fákur

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 17. til 18. október 2014 samþykkir, að börn yngri en 10 ára fái að keppa í léttari keppnisgreinum t.d. T7, þar sem í dag er ekkert í boði fyrir börn yngri en 10 ára nema pollaflokkur.

Lagagrein 4.4.1 Aldursflokkaskipting

Hljómar nú: Keppendum í hestaíþróttum er skipt í eftirfarandi aldursflokka og miðast aldur við almanaksárið, þannig að keppendur séu á tilgreindum aldri árið sem keppnistímabil hefst. Keppnisgreinar hvers aldursflokks eru sem hér segir:

Pollar (9 ára á árinu eða yngri): Pollatölt og pollafjörgangur. Ekki skal keppt í pollaflokki á Íslandsmóti.

Börn (10 - 13 ára á keppnisárinu): T1 tölt, V1 fjörgangur, fimi A og hindrunarstökk. Aldurstakmörk fyrir barnaflokk eru bindandi, þ.e. þótt ekki sé boðið upp á pollaflokk mega yngri knapar ekki keppa í barnaflokki.

Greinargerð

Hestamannafélagið Fákur telur ástæðu til að leyfa börnum yngri en 10 ára að taka þátt í léttari keppnisgreinum eins og T7 þar sem það er í boði. Reynsla okkar er sú að hestvön og dugleg börn vilja ekki vera með í pollaflokki og er hætt á að við missum þau út úr hestamennsku. Þetta er einnig góður undirbúningur fyrir komandi keppnisferil.



Þingskjal nr. 28

Flytjandi: Fákur

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 17. til 18. október 2014 samþykkir, að þeir keppendur sem taka þátt í T1, T3 og V1 geti ekki tekið þátt í T7 eða V5 á sama móti, þar sem það er ætlað þeim sem hafa minni keppnisreynslu.

Lagagrein 8.7.7 T7 –Tölt

Hestar sem taka þátt í þessari grein mega ekki taka þátt í öðrum töltgreinum á sama móti.

Lagagrein 8.7.13. V5 – Fjórangur

Hestar sem taka þátt í þessari grein mega ekki taka þátt öðrum fjór- eða fimmgangsgreinum á sama móti.

Greinargerð

Hestamannafélagið Fákur telur ástæðu til að takmarka það að keppendur í T1,T3 og V1 geti tekið þátt í þeim keppnisgreinum, eins og T7 og V5, sem ætlaðar eru keppendum með minni keppnisreynslu. Þetta á að gilda í öllum aldursflokkum.

Hægt væri að bæta við lagagrein 8.7.7. T7 - Tölt „Hestar og **knapar** sem taka þátt í þessari grein mega ekki taka þátt í öðrum töltgreinum á sama móti.“



Þingskjal nr. 29

Flytjandi: Fákur

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 17. til 18. október 2014, beinir þeim tilmælum til dómarafélaga að greiða leið keppanda til félaganna með því að bjóða keppendum að koma með ábendingar um dóma í gegnum athugasemdakerfi. Keppendur geta þá sent til viðkomandi félags athugasemdir með til dæmis myndbandsupptöku og skýringum um ákveðið atvik sem síðan er tekið fyrir hjá viðkomandi félagi og því svarað innan ákveðins tímaramma.

Greinargerð

Keppendur sem telja sig hafa fengið óréttmætan dóm eiga þá tök á að senda inn til dómarafélags athugasemd t.d. með myndbandsupptöku og skýringum þar sem farið er á leit við að lagt sé mat á atvikið sem um ræðir. Með þessu er verið að veita dómurum ákveðið aðhald og um leið safnað saman gögnum um atvik sem hægt er að nota sem kennslufni um það sem vel fer eða ekki.

Ekki er verið að biðja um endurútreikning á dómum heldur frekar líta á að hægt er að læra af dómum sem hafa fallið rétt/eða rangt.

Mikilvægt er að knapi fái svar við athugasemd sinni og í hvaða ferli hún hefur farið.



Þingskjal nr. 30

Flytjandi: Fákur

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 17. til 18. október 2014, samþykkir að við einkunnaútreikninga í gæðingakeppni verði tekið upp það fyrirkomulag að hæsta og lægsta einkunn dómara strikast út og gilda þar með ekki til aðaleinkunnar.

Greinargerð

Meðal hestamanna hefur komið fram sú umræða að nauðsyn sé að breyta núverandi fyrirkomulagi útreikninga í gæðingakeppi. Með þessari breytingu skipta frávík einstakra dómara minna máli í heildarniðurstöðu keppninnar. Með núverandi fyrirkomulagi geta dómarar haft mikil áhrif á heildarniðurstöðuna og jafnvel ráðið niðurstöðum keppninnar. Út frá sanngirnissjónarmiði teljum við því mikilvægt að gera þessar breytingar. Það ber að taka fram að þessi háttur hefur verið á í íþróttadómum og almenn ánægja er með þetta kerfi á meðal íþróttadómara og keppenda.



Þingskjal nr. 31

Flytjandi: Funi

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 17. til 18. október 2014, samþykkir að stjórn LH beiti sér fyrir áframhaldandi innleiðingu TREC hjá aðildarfélögum sínum með kynningu, fræðslu og heimsóknnum fagmanna í greininni.

Greinargerð

Þjálfun og keppni í TREC hentar íslenska hestinum og breiðum hópi iðkenda í hestamennsku sem stundar útreiðar í náttúru Íslands á eigin forsendum. Þessi nýja grein eykur fjölbreytni í notkun og markaðssetningu íslenska hestsins og skapar ný tækifæri. Nauðsynlegt er að ljúka þýðingu reglna um TREC, þjálfna dómara og reiðkennara og aðlaga reglur að aðstæðum hérlandis.



Þingskjal nr. 32

Flytjendur: Geysir, Háfeti, Kópur, Logi, Smári, Sleipnir, Sindri og Trausti

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, beinir því til beggja dómarafélaganna að tilnefna skal yfirdómara á hvert mót (bæði íþróttamót og gæðingamót). Skal hann sjá um að dómara mæti á mót, ef dómari forfallast er það á ábyrgð yfirdómara að finna nýjan dómara.

Greinargerð

Það á ekki að vera á höndum mótshaldara að hringja út og finna dómara ef einhverjir forfallast.



Þingskjal nr. 33

Flytjendur: Geysir, Háfeti, Kópur, Logi, Smári, Sleipnir, Sindri og Trausti

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, beinir því til beggja dómarafélganna að afrit eða svar við umsóknum um dómara á mót í gegnum vefinn skuli berast til mótshaldara um leið og sótt er um. Þannig veit mótshaldari hvað hann sótti um og hvernig umsóknin lítur út.

Greinargerð

Í dag hefur mótshaldari ekkert í höndunum um hvernig umsóknin lítur út eða hvort hún hafi náð til dómarafélaganna og sitja svo jafnvel upp dómaralausir þegar að móti kemur.



Þingskjal nr. 34

Flytjendur: Geysir, Háfeti, Logi, Smári, Sindri og Trausti

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, beinir því til stjórnar LH að leggja Landsmót ehf niður.

Greinargerð

Eins og staðan er í dag fer ágóði landamótanna ef einhver er, til að halda þessu fyrirtæki gangandi í stað þess að renna til hestamannafélaganna í landinu.



Þingskjal nr. 35

Flytjendur: Geysir, Háfeti, Kópur, Logi, Smári, Sleipnir, Sindri og Trausti

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, beinir því til stjórnar LH og Bændasamtakanna að halda skuli ráðstefnu um framtíð Landsmóts fyrir áramót.

Greinargerð

Allir tala um að endurskoða þurfi landsmótin, nú er rétti tíminn og taka umræðuna og gefa sér tíma í hana með því að halda heila ráðstefnu sem taka mætti tvo daga og fjalla um framtíð Landsmóts. Skilgreina þarf Landsmót – hvað er Landsmót fyrir okkur hestamenn? Hentar Landsmót á 2 ára eða 4 ára fresti? Fækka eða fjölga hestum? Lengja eða stytta mótið? Og margar fleiri spurningar varðandi þennan stærsta viðburð okkar hestamanna á Íslandi.



Þingskjal nr. 36

Flytjendur: Geysir, Háfeti, Logi, Smári, Sleipnir, Sindri og Trausti

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, beinir því til stjórnar LH að fastsetja Íslandsmót á ákveðnar helgar.

Greinargerð

Gott fyrir öll hestamannafélög og keppendur að geta gengið að því vísu hvenær Íslandsmót er á hverju ári. T. d. að Íslandsmót fullorðinna verði ávallt þriðju helgina í júlí og yngri flokka fjórðu helgina í júlí.



Þingskjal nr. 37

Flytjendur: Geysir, Háfeti, Logi, Smári, Sindri og Trausti

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, ályktar að ekki skuli innheimta keppnisgjöld af keppendum á Landsmóti LH.

Greinargerð

Allir keppendur hafa þegar greitt keppnisgjöld á úrtökumótum og ekki er við hæfi að tvöfalda þann kostnað þeirra sem gerir okkur kleift að halda Landsmót auk aðgangseyris sem allir greiða.

Fámenn hestamannafélög eiga nóg með að standa skil á gjöldum til héraðssambanda og LH þó ekki bætist þessi gjöld við eins og tíðkast hefur undanfarin ár.

Bent er á að ef nauðsynlegt er að halda í þessar tekjur þá sé horft til fyrirkomulags sem viðhaft er á kynbótasýningum Landsmóts.



Þingskjal nr. 38

Flytjendur: Geysir, Háfeti, Logi, Smári, Sleipnir, Sindri og Trausti

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, beinir því til stjórnar LH að það verði fyrirfram ákveðinn fjöldi keppenda í gæðingakeppni á Landsmótum.

Greinargerð

T.d. væri hægt að fastsetja töluna 90 keppendur í hverjum flokki. Hámark fjórir frá hverju hestamannafélagi í hverja grein. Einn fyrir fyrstu 200 félagsmenn, tveir fyrir 201-500, þrír fyrir 501-1000 og fjórir fyrir fleiri en eitt þúsund félaga. Auk þess yrðu valdir 20 sem bestum árangri ná í úrtökum en ná ekki sæti fyrir sitt félag.

Með þessari breytingu er verið að halda í félagslegan þátt LH og auka möguleika þeirra allra bestu til að taka þátt með sama fyrirkomulagi og hefur gilt fyrir þátttöku í tölti og skeiðgreinum og hefur gefist vel. Þess er gætt að allir sitji við sama borð með því að miða eingöngu við árangur á úrtökumótum fyrir Landsmót. Landsmótin eru, eiga að vera hátíð okkar hestamanna og þangað eiga allir þeir bestu að geta komist en einnig viljum við halda í það að öll félögin eigi sinn fulltrúa ef þeim sýnist svo. Ef yfirburðir eins félags í hestakosti eru svo miklir að það fær þátttökurétt fyrir alla gæðingana 20 sem komast inn á einkunn, þá getur það sent frá 21 og upp í 24 keppendur á mótið.



Þingskjal nr. 39

Flytjendur: Geysir, Háfeti, Logi, Smári, Sleipnir, Sindri og Trausti

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, beinir því til stjórnar LH að fella niður sérstaka forkeppni og milliriðla á Landsmótum.

Greinargerð

Í stað þess verði hefðbundið prógram riðið í forkeppni og síðan B-úrslit og A-úrslit. Höldum í gæðingakeppnina eins og hún er á okkar stærsta hestaviðburði á Íslandi. Ef keppendum í hverjum flokki er fækkað úr því sem hann var á síðasta LM (ca. 120) niður í 83 þá er nægur tími að leyfa öllum að ríða sitt prógram.



Þingskjal nr. 40

Flytjendur: Geysir, Háfeti, Kópur, Logi, Smári, Sleipnir, Sindri og Trausti

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, hvetur stjórnir LH og Bændasamtaka Íslands til að takmarka fjölda hrossa á Landsmótum.

Greinargerð

Með því erum við að léttja dagskrá LM bæði fyrir knapa og áhorfendur. Einnig erum við að auka gæðin.



Þingskjal nr. 41

Flytjendur: Geysir, Háfeti, Kópur, Logi, Smári, Sindri og Trausti

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, gerir alvarlegar athugasemdir við framkvæmd banns á beislabúnaði á miðju síðastliðnu keppnistímabili.

Greinargerð

Erum hér með að setja útá vinnubrögð sem viðhöfð voru í vor þegar sett var bann við beislabúnaði. Erum hvorki með eða á móti búnaðinum en setjum stórt spurningarmerki við það að setja slíkt bann á reiðtygi/búnað á miðju tímabili (hér keppnistímabili). Til hvers var bannið sett ef leyfilegt er að nota búnaðinn allstaðar annarsstaðar en í keppni á vegum LH?



Þingskjal nr. 42

Flytjandi: Gnýfari

Lagt fyrir: _____

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, felur stjórn LH að hefja nú þegar viðræður við ríkisstjórnina að jafna þann mismun sem hestamannafélögin búa við er snýr að byggingu reiðinniaðstöðu.

Greinargerð

Á árunum 2003-2005 stóð þáverandi ríkisstjórn að átaki í byggingu reiðinniaðstöðu með því að veita styrki til bygginganna, sem svo sannanlega hefur verið mikið framfararspor fyrir hestamennsku í landinu. Því miður gátu ekki öll hestamannafélög sótt um þessa styrki af ýmsum ástæðum, fyrir utan að ný hesthúsaðverfi hafa risið síðan þá. Við teljum mikilvægt að allir eigi samt möguleika á því að geta komið sér upp sömu aðstöðu.

Það liggur fyrir að einstaklingar sem staðið hafa/standa fyrir nýbyggingum/viðhaldi eigin húsnæðis eða sumarbústaðar fá virðisaukaskatt af vinnu á byggingarstað endurgreiddan m.a. í gegnum átakið „Allir Vinna“. Fyrirtæki fá að mestu leyti endurgreiðslu vegna viðhalds/nýbygginga.

Þegar kemur að því að fámenn félagasamtök fara út í byggingu t.d. reiðinniaðstöðu þá eru allar dyr varðandi endurgreiðslu/styrkja frá ríkisvaldinu svo strangar að hestamannafélögin hafa hreinlega gefist upp að reyna þá leið.

Við teljum afar mikilvægt að ríkið styrki þessar byggingar með ákveðnu framlagi t.d. 5.0 milljónum sem var meðaltalsstyrkuppþæð í fyrrgreindu átaki.



Þingskjal nr. 43

Flytjandi: Hörður

Lagt fyrir: _____

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, felur stjórn LH að leita eftir samstarfi við stjórn Félags Hrossabænda um stefnumótun í markaðs- og kynningarmálum hérlandis og erlendis.

Greinargerð

Félögin hafa haft með sér samstarf í gegnum klasaverkefnið Hestatorg, en þar sem lítið er um nýliðun hérlandis og erlendis, útflutningur dregist saman og afkoma greinarinnar ekki góð, þá þarf að efla þetta samstarf verulega og vinna stefnumótun í markaðs- og kynningarmálum. Mögulega með því að Hestatorg verði einskonar markaðsstofa íslenska hestsins.



Þingskjal nr. 44

Flytjandi: Léttir

Lagt fyrir: _____

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, samþykkir að aflétta banni við notkun á skáreim við vogaraflsmél.

Greinargerð

Ekki hefur verið sýnt fram á að bann við notkun á skáreim hafi minnkað áverka í og við munn hestsins.



Þingskjal nr. 45

Flytjandi: Léttir

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, samþykkir að á þinginu fari fram opin umræða um stöðu og framtíð Landsmóta hestamanna.

Greinargerð

Á liðnum árum hefur orðið mikil umræða meðal hestamanna í kjölfar landsmóta um stöðu þeirra og þróun. Höfum við gegnið til góðs?

Var röng ákvörðun þegar landsmótin voru færð á annað hvort ár?

Mikill kostnaður er fólgin í því að markaðsetja og halda landsmótin með svo stuttu millibili. Er eftirtekjan ásættanleg?

Eigum við að horfa til baka og færa landsmótahaldið til fyrra horfs þegar þau voru haldin fjórða hvert ár?

Hvað með kostnað við uppbyggingu landsmótstaða? Er komin tími til að uppbygging landsmótstaða hestamanna sitji við sama borð og uppbygging landsmótsstaða UMFÍ mótanna?

Er ekki full nauðsyn þess að hagsmunaaðilar í hestaheiminum taki heildræna umræðu um lengd og umfang landsmótanna?

Það er svo mörgum spurningum hægt að velta upp um þetta helsta fjöregg okkar hestamanna og landsþing hestamanna þarf að mati okkar Léttismanna að gefa sér tíma á þinginu til að ræða þessi mál og marka einhverja framtíðarstefnu um landsmótin.



Þingskjal nr. 46

Flytjandi: Sprettur

Lagt fyrir: _____

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, hvetur stjórn Landssambands hestamannafélaga til að beita sér af öllum mætti til þess að fá reiðvegafé aukið verulega frá því sem ætlað er í samgönguáætlun (vegaáætlun) 2011-2022.

Greinargerð

Í samgönguáætlun (vegaáætlun) 2011 – 2022 eru framlög til reiðvega ætluð á 1. tímabili þ.e. 2011 – 2014 230. m. kr. á 2. tímabili 2015 – 2018 235. m. kr. þ.e. 59. m.kr á ári og á 3. tímabili 260. m. kr. þ.e. 65. m.kr. á ári.

Umsóknir hestamannafélaga um reiðvegafé fyrir árið 2014 nema nær 310. m. kr. Heimild LH til úthlutunar reiðvegafjár nam 50. m.kr. í ár. Með vilyrðum fyrir viðbótarframlögum að upphæð 52. m.kr. frá sveitarfélögum þá nemur ráðstöfunarfé um 102. m. kr. í ár. Þessar fjárhæðir duga ekki til viðhalds þeirra reiðvega sem fyrir eru né heldur til uppbyggingar nýrra reiðvega. Óhætt er að segja að umsóknir hestamannafélaganna um reiðvegafé séu faglega unnar.

Áætlað er að um 35 þúsund íslendingar stundi hestamennsku að staðaldri. Þar af eru um 12 þúsund skráðir í 45 hestamannafélögum. Ferðir á hestum hafa margfaldast bæði í byggð og í óbyggðum, fjöldi hesta sem fer um reiðvegi landsins er umtalsverður.

„Um 300 þúsund erlendir ferðamenn komu til landsins á árunum 2001-2003. Kannanir Ferðamálaráðs sýndu að um 20 % þeirra sem komu að sumarlagi fóru í hestaferðir. Að vetrarlagi er hlutfallið lægra en þó á bilinu 8-14%. Hestaferðir geta verið allt frá stuttum reiðtúrum í nágrenni hestaleiga til margra daga ferða. Samkvæmt niðurstöðum Ferðamálaráðs og Hagstofunnar þá námu gjaldeyrstekjur af erlendum ferðamönnum árið 2001 37,7 ma.kr. þar af voru tekjur vegna hestamennsku og hestatengdrar ferðapjónustu 7,5 ma.kr.” (Skýrsla nefndar um viðbótarfjáröflun til reiðvega, febrúar 2003).

Séu þessar niðurstöður framreiknaðar til árs 2014, þegar stefnir í að ein milljón erlendra ferðamanna sæki Ísland heim, þá er ljóst að tekjur af hestamennsku og hestatengdri ferðapjónustu nema amk. 25 ma.kr. á ársgrundvelli. Árið 2003 var reiðvegafé af vegaaætlun 39. m.kr. Í ár er reiðvegafé af vegaaætlun 60. m.kr. hefði reiðvegafé fylgt þróun byggingarvísitölu á tímabilinu þá væri reiðvegafé af vegaaætlun 101,5 m.kr.

Þessi þróun hvað reiðvegafé í samgönguáætlun varðar verður ekki eingöngu skýrð með efnahagshruni í þjóðfélaginu árið 2008 og afleiðingum þess. Því er afar brýnt að stjórn LH hlutist til um að snúa þessari þróun við og leiti leiða til að reiðvegafé verði aukið verulega frá því áætlað er í samgönguáætlun 2011-2022.



Þingskjal nr. 47

Flytjandi: Sprettur

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, samþykkir að LH ráðist í áttak til þess að auka nýliðun í hestamennsku meðal barna og unglunga og efla starf hestamannafélaga fyrir börn, unglunga og ungmenni.

Greinargerð

Þetta verði m.a. gert með því að vinna með sveitarfélögum að betri tengingu starfs hestmannafélaga og grunnskóla og að reiðkennsla geti orðið hluti af íþróttakennslu á grunnskólastigi. Samvinna Grunnskóla sveitarfélaganna og hestmannafélaga á þessu sviði fellur vel að áherslum í Aðalnámskrá Grunnskóla sem fram koma í „kafla 2.1.3 Lýðræði og mannréttindi“ og „kafla 2.1.5 Heilbrigði og velferð“.

Unnið verði að öflugri kynningu á hestamennsku meðal barna, unglunga og ungmenna, m.a. með gerð myndefnis sem höfði til þeirra og sýni hinar mörgu hliðar hestamenskunnar.

Hestamennskan á orðið undir högg að sækja í samanburði við aðrar íþróttagreinar og er alls ekki um nægilega fjölgun iðkenda í hestamennsku meðal barna og unglunga að ræða. Það er einnig áhyggjuefni hversu margir unglingar og ungmenni heltast úr lestinni við ástundun hestamennsku. Við þessu þarf að bregðast.

Það er dýrt að stunda hestamennsku og varla á færi barna og unglunga nema þau fái mikinn stuðning foreldra eða annarra aðstandenda. Fjölmörg börn sækja í hestamennsku eins og sést m.a. af mikilli ásókn í reiðskóla á sumrin, en þegar að þeim lýkur er ekki um mörg tækifæri að ræða hjá flestum barnanna til þess að sinna þessari íþrótt.

Hestamennska er holl og þroskandi og er miður hversu margir sem áhuga hafa á henni hafa ekki möguleika á að sinna henni. Til þess að bregðast við þessu er nauðsynlegt að tengja saman það fræðslu- og uppeldisstarf sem á sér stað hjá sveitarfélögum og starf hestamannafélaganna, en slíkt samstarf mun skila sér í fleiri þroskuðum og ábyrgðarfullum einstaklingum.



Þingskjal nr. 48

Flytjandi: Sprettur

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, samþykkir að reynt verði til þrautar að sameina Landssamband hestamannafélaga (LH) og Félag hrossabænda (FHB) í ein heildarsamtök hestamanna sem fari með forsvar í greininni. Þar er átt við keppnismál, almenningsíþróttina, útbreiðslu og kynningarstarf, kynbótastarfið og hagsmunamál greinarinnar.

Greinargerð

Fyrir liggur að af stórum hluta er sama fólkíð í báðum þessu landssamtökum. Eiginleg aðgreining í ræktendur og „neytendur“, þ.e. þá sem iðka hestamennsku á heldur ekki við eftir búsetu sem sést best á því að u.þ.b. 70 % hrossa sem fara í kynbótadóm eru ræktuð af fólk í þéttbýli, margt fleira mætti nefna sem sýnir að staða hrossabænda og það hverjir tilheyra þeim hópi í raun og veru er allt önnur en þekkist í öðrum búgreinum. Ein heildarsamtök hestamennsku og hrossaræktar yrðu mun öflugri sem málsvári greinarinnar inn á við sem út á við og gagnvart markaðsókn hestsins hér á landi og erlendis. Aukin skilvirkni næðist í yfirstjórn og öflugra skrifstofuhald. Gerður yrði samningur milli hinna nýju heildarsamtaka hestamenskunnar, ríkisvaldsins og annarra þeirra aðila er málið varðar samfara því að verkefni sviði hrossaræktar færðust til hinna nýju heildarsamtaka.

Fjölmargar fyrirmyndir er að finna hjá nágrannlöndum okkar hvað sambærileg landssamtök þessum varðar, jafnvel eru þar reknar öflugar stofnanir með sjálfseignarfyrirkomulagi eins og t.d. Norsk Hestesenter. Þar má sækja mikilvægar fyrirmyndir.



Þingskjal nr. 49

Flytjandi: Spretur

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, samþykkir að komið verði á flokkakerfi í keppni í hestaíþróttum sambærilegt við það sem tíðkast í flestum FEIF löndum. Árangur parsins, þ.e. knapi og hestur, ráði þá í hvaða flokk það raðast og við ákveðinn árangur færist parið á milli flokka. Hverjum og einum er þó frjálst að skrá sig í hærri styrkleikaflokk kjósi hann það.

Greinargerð

Töluverð gagnrýni hefur verið á tilhögun núverandi flokkakerfis, s.s. hvort tiltekið par sé að keppa í „réttum“ flokki, m.t.t. getu og fyrri árangurs o.sv.frv. Með tilkomu gagnagrunns yfir keppnisárangur er einfalt að halda utan um árangurstengda flokkaskiptingu og jafnvel að tengja hana mótaskráningarkerfi. Ný pör hefja þá keppni í neðsta flokki, ákveði knapinn ekki annað og ávinna sér svo rétt til þátttöku í efri flokkum eftir því sem hærri einkunnir nást. Knapi getur þannig byrjað með nýjan hest í neðsta flokki en keppt með aðra og reyndari hesta í efri flokkum.



Þingskjal nr. 50

Flytjandi: Spretur

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, samþykkir að ráðist verði í verulegar breytingar á formi landsmóta hestamanna með það fyrir augum að auka vinsældir mótanna með léttara yfirbragði en skapa jafnframt umgjörð sem gerir að verkum að á mótunum þrífist margháttuð starfsemi sem eflir kynni og ýtir undir fjölþætt markaðsstarf á sviði hestamennsku og hrossaræktar.

Greinargerð

Með þessu móti næðist að fjölga áhorfendum, auðvelda þátttakendum, hvort sem er áhugafólki eða atvinnufólki, aðkomu að mótunum, draga úr tilkostnaði en auka um leið kynningargildi og beint markaðsvægi mótshaldsins sem kæmi allri greininni til góða.

Meginatriðin sem hér eru lögð til eru:

1. Mótið yrði stytt eins og kostur er. Dagskráin tæki mið af því að frá hádegi á föstudegi til mótsloka á sunnudegi yrðu öll úrslit riðin og aðrir liðir sem þá væru á dagskrá hefðu að inntaki sýninga- og skemmtigildi fyrir áhorfendur. Öll dagskrá frá og með hádegi á föstudegi yrði á riðin á einum velli.
2. *Kynbótahross*: Þau verði tekin inn á mótið eftir fjöldatöflu; 50 hæst dæmdu stóðhestar landsins í forskoðun og 100 hæst dæmdu hryssurnar. Eftir aldursflokkum yrði skiptingin þessi: Stóðestar 7 vetra og eldri 10, 6 vetra 15, 5 vetra 15, 4 vetra 10. Hryssur: 7 vetra og eldri 15, 6 vetra 30, 5 vetra 35, 4 vetra 20. Auk þess fengju sýningarrétt á landsmóti þau hross utan þessa hóps sem náð hefðu 9,5 eða 10 í einstökum hæfileikapáttum í forskoðunardómi. Öllum einstaklingsdómum á mótssstað yrði lokið á fimmtudagskvöldi og yfirlitssýningum síðdegis á föstudegi. Á laugardegi færu fram fjörmiklar og vel og kunnáttusamlega kynntar hópsýningar kynbótahrossa; samsýningar afburða ganghrossa hvort sem er klárhrossa eða alhliða gæðinga, verðlaunaveitingar og afkvemasýningar stóðhesta. Mörk til hvort sem er 1. verðlauna eða heiðursverðlauna stóðhesta með afkvæmum yrðu hækkuð frá því sem nú er. Aldrei fengju þó þátttökurétt á landssýningu fleiri en þrír hestar til heiðursverðlauna og fimm til fyrstu verðlauna. Allri kynbótadagskrá yrði lokið á laugardeginum, síðasti liður á dagskránni yrðu ræktunarbússýningar sem hluti af kvöldvöku.
3. *Gæðingakeppnir*: Breytt yrði fyrirkomulagi á þátttöku þannig að 40 hæst dæmdu gæðingar landsins í A-flokki og 40 í B-flokki óháð félagsaðild eigendanna næðu þátttökurétti á landsmót og færi val þeirra fram á sérstökum úrtökumótum sem fram færu á sex stöðum á



landinu. Rétt eins og í tölti og skeiði væri þátttaka í úrtökumótunum óháð því hvort aðilar byggju á sama svæði og mótið færi fram á, þátttaka í fleiri en einu úrtökumóti væri jafnframt heimil með sama hrossið en miðað er þó við að öll mótin færu fram á tiltölulega stuttu tímabili. Forkeppni á landsmótsstað yrði riðin með hefðbundnum hætti, milliriðlar féllu út en riðin yrðu A og B úrslit. Allar keppnir í barna, unglinga og ungmennaflokkum færu hins vegar fram með sambærilegum hætti og gildir í dag hvað þátttökurétt á grunni félagsaðildar o.þ.h. varðar.

4. *Töltkeppni:* Fyrirkomulag hennar yrði með sambærilegum hætti og verið hefur hvað val inn á mótið varðar. Forkeppni á mótsstað færi þó fram fyrir á dagskránni en verið hefur en úrslitin um mótshelgina.
5. *Kappreiðar:* Val til þátttöku í skeiðgreinunum; 100 m skeið með fljúgandi starti, 150 m og 250 m skeið, yrði með sambærilegum hætti og verið hefur. Undanrásir á mótsstað, tveir sprettir sem riðnir yrðu hver á eftir öðrum réðu þó aðeins um hvaða fimm hross kæmust í úrslit í hverri grein um mótshelgina. Úrslitin færu þannig fram í 150 og 250 m skeiði að fyrst hlypu hross nr. 4 og 5 í undanrásunum og síðan hin þrjú, í seinni spretti yrði hrossum raðað á sama hátt eftir tímum úr fyrri umferð. Besti tími í úrslitum réði verðlaunum. Sérstaklega yrði kannað hvort ekki mætti koma upp veðstarfsemi á kappreiðum landsmótanna og yrði það hluti af heildarkönnun á þeim þætti.
6. Lögð yrði aukin áhersla á sjálfræði og framtak þeirra aðila sem mótið héldu hverju sinni. Landsmótin fari einungis fram þar sem hægt er að bjóða fram bestu aðstæður fyrir hesta og menn.
7. Rækilega yrði kannað hvort rekstur Landsmóts ehf þjóni áframhaldandi tilgangi.
8. Það form dýralæknaskoðana sem þróast hefur á síðustu mótum verði tekið til endurskoðunar, einkum hvað kröfur um margendurteknar skoðanir varðar. Þess í stað yrði eftirlit með heilbrigði samþætt fótaskoðun.

Mikilla breytinga er þörf á tilhögun landsmóta sem sést best á dvínandi mætingu áhorfenda utan hins harða kjarna sem alltaf kemur til með að sækja mótin. Enda eru landsmótin mikilvægasti kynningargluggi íþrótt- og atvinnugreinarinnar hestamennska og hrossarækt.

Ljóst er að lengd mótanna hefur gengið úr hófi og einungis bestu hrossin eiga erindi á landsmót. Við það miðar það fyrirkomulag sem hér er stungið upp á hvað kynbótahross og keppnishross í gæðingakeppnum fullorðina varðar (A og B flokkur). Í gæðingakeppni yngri flokkanna er hins vegar lögð áhersla á breiða þátttöku enda er nýliðun í greininni á landinu öllu lífsspursmál.

Mikilvægt er að efla skapandi framtak mótshaldaranna sjálfra, s.s. hvernig hinum ýmsu framkvæmdaatriðum yrði háttað, fyrirkomulagi miðasölu o.m.fl. Margt getur þannig mælt með að aðgangur að mótunum yrði í auknum mæli frír allavega í byrjun hvers móts og hugað yrði að öðrum tekjustofnum til að reka mótin en aðgangseyri og þátttökugjöldum sem hafa stórhækkað allra síðustu árin. Í þessu sambandi er eðlilegt að það sé skoðað með opnum hug hvort áframhaldandi rekstur Landsmóts ehf komi til með að bera tilætlaðan árangur. Fyrirkomulag dýrlæknaskoðana þarf að taka til endskoðunar að því máli þurfa að koma fulltrúar mótshaldara, knapa og hesteigenda. Samanburður á framkvæmd landsmótanna á Vindheimamelum, í Víðidal í Reykjavík og á



Gaddstaðafliötum við Hellu sýnir svart á hvítu kosti þess að unnt sé að hýsa öll hross á mótsstað. Í því sambandi má jafnframt benda á þann peninga- og tímasparnað sem það hefur í för með sér.

Tillaga þessi byggir á því sem vel hefur reynst og viljanum til að gera betur í mótshaldi okkar hestamanna. Vel mætti hugsa sér að fara út í mun róttækari breytingar á t.d. fyrirkomulagi kynbótasýninganna og byggja allt mótshaldið á yfirlits- og skrautsýningum hrossanna því vel má rökstyðja að trauðla sé ástæða til að endurdæma hross sem sýnd voru fyrir 2-4 og í hæsta lagi 6 vikum síðan en til að tryggja samfellu í störfum er sú leið ekki lögð til nú.



Þingskjal nr. 51

Flytjandi: Spretur

Lagt fyrir: _____

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, skorar á stjórn LH og Fagráð í hrossarækt að hlutast til um að gerð verði marktæk könnun á því meðal hestamanna á Íslandi hvers konar hestgerð það er sem mest eftirspurn er eftir. Telur ársþingið nauðsynlegt að kynbótastarfið hafi m.a. þarfir markaðarins að leiðarljósi.

Greinargerð

Miklar framfarir hafa orðið á undanförunum áratugum í öllu því er lýtur að hestamennsku, s.s. aðbúnaði hrossa, tamningum, þjálfun og kennslu. Hið sama á við um hrossaræktina. Nú heyrast hins vegar þær raddir á meðal hestamanna að ræktunin taki ekki að fullu tillit til þarfa markaðarins með þetta í huga er tillagan lögð fram.



Þingskjal nr. 52

Flytjandi: Spretur

Lagt fyrir: _____

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, samþykkir að skora á FEIF að samræma reglur er varðar notkun ensks reiðmúls með skáreim og mexíkansks krossmúls með stöngum, þ.e. hvers konar reiðbeisla með vogarafli.

Þá samþykki þingið að banninu verði aflétt hér á landi á meðan sú vinna við þá samræmingu fer fram hjá FEIF.

Greinargerð

Bann það sem hér um ræðir var samþykkt á vettvangi FEIF á árinu 2011 og gekk í gildi 1. apríl það ár. Íslendingar börðust gegn banni þessu ásamt fulltrúum ýmissa fleiri aðildarlanda en urðu undir.

Röksemdir fyrir banninu eru að múlar með skáreim passi illa við stangabeisli. Án þess að það sé skýrt á hvern hátt það megi vera, öfugt við það sem gert er þar sem bann við notkun þýsks reiðmúls með stöngum er skýrt með rökum af þessum toga. Jafnframt er það fullyrt að skáreimin geri stangabeislið að hörðum / óvægnum (severe) búnaði. Hvað fyrrnefndu rökin varðar er bent á að heimilt er að nota skáreim með stöngum í kynbótasýningum fyrir íslensk hross um heim allan. Að auki má benda á að sambærilegur útbúnaður er mikið notaður í beislisbúnaði hjá mörgum öðrum hestakynjum. Engar rannsóknarniðurstöður hafa verið lagðar fram sem sýna að skáreimin sem slík gerir búnaðinn harðari.

Ein rökin til sem stundum eru höfð frami banni þessu til réttlætningar eru þau að það sé svo ljótt að sjá hross með stangabeisli og krossmúl. Þetta eru haldlítill rök enda ættu þeir hinir sömu að vera á móti notkun sambærilegra múla með hringamélum. Leðurólar á höfði hestsins eru engu færri þar. Öllum er þó frjálst að þjóna smekk sínum og geta forðast enska múlinn en þessi rök eru ótækt til að banna gagnsamlegan reiðbúnað sem þennan.



Þingskjal nr. 53

Flytjandi: Dreyri, Faxi, Glaður, Skuggi og Snæfellingur

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytingar:

Kafli 1.4 Stjórn breytist þannig:

Stjórn LH fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga. Stjórnin skal skipuð sjö mönnum, formanni varaformanni, ritara, gjaldkera og þremur meðstjórnendum.

Við bætist: „*Einnig skulu kjörnir fjórir landshlutafulltrúar, einn frá hverjum landsfjórðungi, sem hafi málfrelsi og tillögurétt á fundum stjórnar. Landshlutarnir verði; Norðvestur, Norðaustur, Suðvestur og Suðaustur.*“

Varastjórn skal skipuð fimm mönnum og taka sæti í aðalstjórn í samræmi við atkvæðahlutfall.

Við bætist: „*Þá skulu kjörnir fjórir varamenn landshlutafulltrúar og taka þeir sæti aðalmanna viðkomandi landsfjórðunga við forföll þeirra.*“

Kjörtímabil er til tveggja ára.

Greinargerð

Mikilvægt er að grasrótin í Landssambandi hestamannafélaga hafi aðgang að stjórnsýslunni og mótun og ákvörðun starfsins hverju sinni. Hlutverk landshlutafulltrúa yrði að viðhalda beinum tengslum félaganna við stjórn hverju sinni og koma á framfæri starfi og sjónarmiðum í báðar áttir.

Landshlutafulltrúarnir yrðu þá um leið samnefnari fyrir hvern fjórðung og gætu sinnt því hlutverki fyrir stjórn LH, að félögin efldu samráð á sínum svæðum og yrðu um leið öflugri bakhjarl við stjórn LH hverju sinni.



Þingskjal nr. 54

Flytjandi: Dreyri, Faxi, Glaður, Skuggi og Snæfellingur

Lagt fyrir: _____

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, samþykkir eftirfarandi breytingu á grein 7.3.1 í reglum um gæðingakeppni: Textinn „og hann verður að vera skráður í eigu félagsmanns í því félagi í síðasta lagi þann 1. maí á keppnisárinu. Þetta gildir einnig í barna-, unglinga- og ungmennaflokkum“ bætist aftan við fyrstu setningu í annarri málsgrein.

Laggreinin verður þá svohljóðandi (nýr texti skáletraður og undirstrikaður):

7.3.1 Keppnisréttur og skráning

Rétt til þátttöku í gæðingakeppni hafa öll tamin hross 5 vetra og eldri í eigu félagsmanna innan LH, ef þeir fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í reglum þessum. Ekki er heimilt að skrá 5v hesta í fleiri en tvær keppnisgreinar eða sýningar á sama móti.

Hestur getur aðeins keppt fyrir eitt félag hvert almanaksár og hann verður að vera skráður í eigu félagsmanns í því félagi í síðasta lagi þann 1. maí á keppnisárinu. Þetta gildir einnig í barna-, unglinga- og ungmennaflokkum. Undantekning er keppni eða sýningar í fjáröflunarskyni.

Heimilt er að skrá hesta í eigu hestabús og/eða ræktunarsambands til þátttöku í gæðingakeppni á vegum aðildarfélaga LH, enda sé formaður búsins, eða einhver eigandi þess, félagsmaður í viðkomandi félagi. Ef um fjöleignafélag er að ræða skal við skráningu tilgreina hvaða eigandi er ábyrgur fyrir skráningunni. Hestum hvers bús skal þó aðeins heimilt að taka þátt í keppnum eins félags, þ.e. með sama hætti og gildir um hesta almennra félagsmanna.

Hross, sem taka þátt í kynbótasýningu, eiga ekki þátttökurétt í gæðingakeppni lands- og fjórðungsmóta, að því undanskyldu að hross sem taka þátt í kynbótasýningu sem afkvæmi í afkvæmahópi, hafa þó rétt til þeirrar þátttöku.

Greinargerð

Núverandi reglur LH um eigendaskipti á hrossum eru rúmar og setja þeim engin tímamörk. Það þýðir að hestur getur keppt fyrir félag ef félagsmaður eignast hann (eða hlut í honum) nokkrum klukkustundum áður en hesturinn á að birtast í braut í keppni. Sum hestamannafélög hafa sett sér reglur varðandi þetta og þær gilda þá um þau hross sem keppa fyrir viðkomandi félag. Þessar reglur eru mismunandi en við teljum heppilegra að um þetta gildi það sama fyrir alla á öllu landinu. Við stingum hér upp á dagsetningunni 1. maí. Að auki gildir að sjálfsögðu sú regla áfram að hestur getur bara keppt fyrir eitt félag á hverju keppnistímabili.